

Mál nr. 139/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 11. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. júní 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 5. ágúst 2021 hafi M, við vinnu sína í þágu Y, verið að lesta bifreið sem Y hafði tekið á leigu hjá X. Þegar hann hafi verið að draga búnað út á vörulyftu bifreiðarinnar hafi þakhleri hennar skolið á höfuð hans með þeim afleiðingum að M hlaut líkamstjón. Lögregla var kvödd á vettvang og er skýrsla hennar, dags. 9. ágúst 2021, fyrirliggjandi. Í skýrslunni sé haft eftir vitni að atvikinu að hlerinn hafi skolið niður af afli og á höfuð M. Það sé óumdeilt. Hvergi komi fram að nokkuð hafi verið átt við hlerann heldur virðist hann hafa verið bilaður. Slys M verði rakið til ófullnægjandi ástands bifreiðarinnar og saknæms vanbúnaðar sem X geti eitt borið ábyrgð á. M og Y sem hafi leigt bifreiðina af X hafi hins vegar mátt treysta því að ástand bifreiðarinnar væri fullnægjandi. V hafi, með bréfi dags. 8. apríl 2022, hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X. Í bréfi V komi fram að skipt hafi verið um pumpur á hleranum hinn 1. júlí 2021, en ekki hafi komið fram neinar athugasemdir við ástand hlerans eftir að slys M átti sér stað. M vísar til þess að engin gögn hafi verið lögð fram er styðji þessar fullyrðingar og er þeim mótmælt sem ósönnuðum. Í öllu falli sé ljóst, hafi umrædd viðgerð farið fram, að sú viðgerð hafi verið ófullnægjandi og ástandi bifreiðarinnar ábótavant. Þá tekur M fram að vindur hafi verið litill sem enginn og því sé ljóst að vindhviða hafi ekki valdið því að hlerinn skall niður. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem feli í sér að m.a. bifreiðar sem leigðar eru út til notkunar við atvinnurekstur skuli útbúnar með tilskildum hlífðar- og öryggisbúnaði og að notkun þeirra leiði ekki af sér slysaættu. Þá vísar M til dómafordæma máli sínu til stuðnings. Slys M hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu og X hafi verið í lófa lagið að láta fara fram rannsókn á hleranum strax eftir slysið. Sé sönnunarskortur uppi í málinu verði X því að bera hallann af honum.

Í bréfi V segir að það sé M að sanna að tjón hans verði rakið til saknæmrar háttsemi X og slík sönnun hafi ekki tekist. Bifreiðinni hafi verið skilað til X án athugasemda og upplýsingar um slysatjón hafi ekki borist fyrr en með kröfu þremur mánuðum eftir slysdag. Verði sönnunarbyrði því ekki snúið við á grundvelli þess að X hafi ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni, eða tilkynnt slysið til Vinnueftirlitsins, en X sé þess utan ekki vinnuveitandi M. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi hlerapumpurnar verið nýjar og engar athugasemdir hafi borist um ástand þeirra, hvorki frá Y né öðrum. Af ljósmyndum sem fylgi lögregluskýrslu megi þá ráða að hlerinn hafi verið opinn og hafi pumpurnar því þjónað sínu hlutverki. Ekki liggi fyrir af hverju hlerinn hafi skolið aftur en mögulegt sé að hann hafi ekki verið opnaður til fulls og sterk vindhviða hafi skellt honum aftur. Í ljósi umræddra ljósmynda megi einnig velja því upp hvort M hafi rekið sig uppundir hlerann frekar en að hann hafi skolið aftur. Ekki sé óþekkt að hurðir og hlerar skelli aftur án þess að nokkuð sé að búnaði þeirra og hafi að mati V verið um óhappatilvik að ræða. Í öllu falli hafi M ekki tekist að sýna fram á að slys hans verði rakið til vanbúnaðar bifreiðarinnar eða þess að viðhaldi hennar hafi verið ábótavant.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Fyrir liggur að umrætt atvik var ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi

síðar en innan sólarhrings. Læknisfræðileg gögn fyrir nefndinni eru takmörkuð, hvað varðar heilsutjón M eða tímabil óvinnufærni en í öllu falli verður ekki séð að skylda til að tilkynna um slysið hafi hvílt á X. Þá liggja ekki fyrir nein gögn er sýni fram á að slys M, eða meintur vanbúnaður á bifreiðinni, hafi verið tilkynnt til X fyrr en krafa var gerð í ábyrgðartryggingu þess, dags. 29. október 2021. Verður því ekki vikið frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess að X hafi vanrækt rannsóknar- eða tilkynningaskyldu vegna slyssins. Það hvílir því á M að sýna fram á að umrædd bifreið hafi verið vanbúin með þeim hætti að skaðabótaskylda vegna tjóns hans hvíli á X. Meðal gagna fyrir nefndinni er reikningur fyrir tveimur gaspumpum, gefinn út 24. júní 2021, og er X tilgreint sem kaupandi. Verða því að teljast líkur til þess að skipt hafi verið um pumpur umrædds hlera hinn 1. júlí 2021, svo sem haldið er fram af hálfu X. Þá verður ekki horft framhjá því að ekkert liggur fyrir um að M eða Y, sem leigutaki, hafi tilkynnt X um ágalla á pumpunum, og gegn staðhæfingu X er ekki sýnt fram á að ástandi hlerans hafi verið ábótavant eftir að slys M átti sér stað. Má jafnframt greina af ljósmyndum sem fylgdu lögregluskýrslu að pumpurnar haldi hleranum uppi, en af þeim að dæma er hann a.m.k. hálfopin. Er ekki að fullu ljóst hvað olli því að hlerinn skall á höfði M með þeim afleiðingum að hann hlaut líkamstjón en með hliðsjón af framansögðu og heildstæðri skoðun þeirra gagna sem fyrir nefndinni liggja verður ekki talið sýnt fram á að það hafi verið vegna vanbúnaðar eða þess að viðhaldi var ábótavant.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir